



## Að verða betri ég - Forvarnarverkefni

### Stuðningur við nemendur með hegðunar- og tilfinningavanda

#### Hlutverk

Hlutverk forvarnarverkefnis er að aðstoða grunnskóla Kópavogs með nemendur sem eiga í erfiðleikum með hegðun, tilfinningar og/eða líðan og eru útsettir fyrir áhættuhegðun.

#### Markmið

Meginmarkmið með forvarnarverkefninu er að auka getu nemenda til tengslamyndunar og stuðla að því að nemendum líði vel bæði í leik og starfi með því að vinna markvisst með:

- ábyrgð, viðhorf og skilning nemenda á hegðun sinni
- sjálfsmynd nemenda

#### Skipulag

Verkefnið er hluti af skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs. Það fer fram í grunnskólum bæjarins í samstarfi við skólustjóra. Sérfræðiþjónustufulltrúi hefur yfirumsjón með verkefninu. Starfsmenn vinna út í skólunum, 4 daga vikunnar, þrjár til fjórar klukkustundir á dag með hópi nemenda í 2-6 mánuði. Vinnan fer fram á fjölbreyttan hátt, allt eftir þörfum nemenda, með einstaklingsviðtölum, fundum í fámönnum hópum eða fundum með fjölskyldum einstakra nemenda. Að lokinni vinnu í hverjum skóla er möguleiki á eftirfylgd eftir þörfum.

Skólustjórnendur velja nemendur í samráði við kennara og foreldra. Skólustjórnendur hvers skóla bera ábyrgð á því að upplýsa foreldra.

Skólustjórnendur úthluta starfsmönnum forvarnarverkefnis ákveðnum tengilið innan skólans. Tengiliður sér um að kynna starfsmennina inn í skólann t.d. á starfsmannafundi eða með tölvupósti. Tengiliður sér jafnframt um að koma á fundi með sálfræðingi, námsráðgjafa, umsjónarkennurum, sérkennurum og öðrum þeim aðilum innan skólans sem koma að þeim nemendum sem unnið verður með. Við lok tímabils skilar forvarnarteymi umsögn og tillögum að frekari vinnu með nemendum á fundi með starfsfólki skóla sem vinna áfram með viðkomandi nemanda. Tengiliður skólans sér einnig um að boða þann fund.

#### Tímamagn og úthlutun til verkefnis:

Verkefni er í gangi í tveimur til þremur skólum í senn. Við verkefnið starfar fjölskylduráðgjafi í aðkeypti þjónustu og grunnskólakennari í fullri stöðu.

#### Skýrsla

Við lok hvers skólaárs er unnin skýrsla um forvarnarverkefnið, með áherslum, skipulagi og mati á árangri.